

Reykjavík  
10. nóvember 2014

## **Umsögn til utanríkismálanefndar vegna þingmáls 20 frá Samtökum hernaðarandstæðinga**

Óskað er eftir umsögn Samtaka hernaðarandstæðinga vegna frumvarps um þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild Íslands að Norður-Atlantshafsbandalaginu. Samtökin telja að hér sé um afar brýnt mál að ræða og hvetja þingið til að greiða fyrir afgreiðslu þess.

Minnt er á að ekki var haldin þjóðaratkvæðagreiðsla um inngöngu Íslands í NATO á sínum tíma þrátt fyrir mjög ákveðnar kröfur í þá átt. Í því ljósi má raunar færa fyrir því rök að óþarft sé að leita sérstaklega samþykkis þjóðarinnar fyrir úrsögn úr bandalaginu. Íslenskir friðarsinnar og hernaðarandstæðingar hafa hins vegar aldrei óttast dóm þjóðarinnar í þessu máli og hafa SHA og forverar samtakanna alla tíð haft kröfuna um þjóðaratkvæði ofarlega á stefnuskrá sinni.

Þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi og umsvifum NATO á liðnum árum gera mál þetta enn veigameira. Á tímum kalda stríðsins var af mörgum litið svo á að ekki myndi koma til kasta NATO í hernaði nema ráðist yrði á eitthvert aðildaríkjanna og sameiginlega varnarskyldan í stofnsáttmála þess þannig virkjuð. Lögðu stuðningsmenn bandalagsins hér á landi ríka áherslu á þetta og töluðu um varnarbandalag.

Deila má um hvert raunverulegt eðli NATO var á þessum árum, en óumdeilt er að á síðustu 15-20 árum hefur orðið gjörbreyting á skipulagi þess og stefnu með beinni þátttöku í styrjöldum um heim allan, með sívaxandi tíðni og þunga. Sú breyting ein og sér ætti að teljast fullgild ástæða til að leita loks eftir afstöðu þjóðarinnar til aðildar að þessu árásargjarna kjarnorkuvopnabandalagi.

F.h. Samtaka hernaðarandstæðinga

Stefán Pálsson, formaður